

Umhverfisstofnun
Númer: SF HJ
25 NOV. 2003
45.20
Tilv: UST20031000203



UST

Umhverfisstofnun

Environmental Agency of Iceland

Umhverfisstofnun
Landsvæðisráðgjafi

101 Reykjavík, Ísland

Deild: 101 2000

Tel: 4700 54 10 10

Umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

24. nóvember 2003
Tilvísun: UST20031000203/sf


Umsókn Salar Islandica ehf. um úthlutun tveggja nýrra eldissvæða í Berufirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 12. nóvember sl. þar sem óskað er eftir faglegu álitum Umhverfisstofnunar, m.t.t. til starfssviðs hennar, á því hvort ofangreind framkvæmd kunnri að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Óskað er álits Umhverfisstofnunar vegna undirbúnings Skipulagsstofnunar að ákvörðun um hvort framkvæmdin falli undir lið 13 a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í bréfi Salar Islandica kemur fram að fyrirtækið óskar eftir að því verði úthlutað tveimur nýjum eldissvæðum (staðsetningum) í norðanverðum Berufirði og jafnframt að með fjölgun eldissvæða sé ekki verið að auka framleiðslu fyrirtækisins heldur gefist með því kostur á að hvíla hvert eldissvæði í eitt ár. Fyrir stjórnendum fyrirtækisins vaki að draga enn frekar úr hættu á hugsanlegri mengun vegna uppsöfnunar lífrænna efna undir kvíum og sé það einungis af vistfræðilegum ástæðum sem sótt er um fjölgun eldissvæða.

Af tilkynningu framkvæmdaraðila má ráða að nýju eldissvæðin verði í Gautavík og Skálavík og eru gefin upp hnit fyrir staðsetningu þeirra. Æskilegt hefði þó verið að sýna staðsetningu svæðanna á korti. Umhverfisstofnun telur að þær upplýsingar sem fylgja með fyrrgreindu erindi séu ekki nægjanlegar til að stofnunin geti metið hvort ofangreind framkvæmd kunnri að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Stofnunin bendir á að í raun vantar vistfræðilegar forsendur fyrir vali á eldissvæðunum, s.s. upplýsingar um lífríki á svæðunum sem um ræðir og hvort þar er um aðra nýtingu að ræða, s.s. fiskigöngur. Einnig vantar upplýsingar um sjávardýpi, strauma og hitastig sjávar á fyrirhuguðum eldissvæðum.

Virðingarfyllst,


Sigurrós Friðriksdóttir


Helgi Jensson